

AUGLÝSING

um hættumat vegna ofanflóða fyrir Tálknafjörð.

Samkvæmt 2. og 4. mgr. 4. gr. laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997 með síðari breytingum hefur ráðherra þann 2. september 2008 staðfest tillögur hættumatsnefndar Tálknafjarðar að hættumati vegna ofanflóða fyrir Tálknafjörð.

Hættumatið hefur verið auglýst og kynnt í samræmi við 2. mgr. 4. gr. laga nr. 49/1997, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats.

Hættumatið öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 2. september 2008.

Bórunn Sveinbjarnardóttir.

Magnús Jóhannesson.

B-deild – Útgáfud.: 22. september 2008